

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri, þann
16. apríl 2024 og hófst hann kl. 17:00**

Mætt voru: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Kristín Helga Schiöth, Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Verkaskipting stjórnar þ.e. kosning á varaformanni, ritara og gjaldkera.

Gerð er tillaga um að Kristín Björk verði varaformaður, Sigríður Stefánsdóttir verði ritari og Hilmar Friðjónsson verði gjaldkeri.

Samþykkt. Ákveðið að ræða aftur um hlutverk stjórnarfólks.

Einnig var ákveðið að stjórnin setji sér starfsreglur. Deildarstjóra falið að leggja fram drög að reglum fyrir næsta fund.

2. Skipun í framkvæmdastjórn.

Frestað og verður rætt ásamt starfsreglum á næsta fundi.

3. Fundarboð á aðalfundur Velferðarsjóðs og tilnefning fulltrúa í stjórn Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis.

Fundurinn verður haldinn í Gleráarkirkju 23. maí kl. 9.30 og tilnefna fulltrúa í stjórn. Þarf. Stjórnin samþykkir að tilnefna, sem fulltrúa Eyjafjarðardeildar, Kristínu Björku Gunnarsdóttir sem aðalmann og Baldvin Valdimarsson sem varamann.

4. Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi 4. maí n.k. í Reykjavík.

Fulltrúar deildarinnar hafa þegar verið valdir.

Þau eru:

Sigríður Stefánsdóttir
Kristín Björk Gunnarsdóttir
Þorsteinn K. Björnsson
Eva Hrund Einarsdóttir
Gunnar Frímannsson
Kristjana V. Valgeirsdóttir
Hilmar Friðjónsson

Varamenn

Jón Baldvin Hannesson
Baldvin Valdemarsson

Fulltrúarnir eru hvattir til að kynna sér útsend fundargögn.

5. Áætlun um fundardaga stjórnar .

Formaður lagði fram áætlun um dagsetningu stjórnarfunda til apríl 2025.

Tillaga að fundardögum

2024		2025	
Mánuður	Fundardagur	Mánuður	Fundardagur
apríl	16	Janúar	14
maí	21	Febrúar	11
júní		Mars	4
júlí		Apríl	15
ágúst			
september	3		
október	15		
nóvember	12		
desember	3		

Samþykkt að hafa þessar dagsetningar til hliðsjónar.

6. Verkefnið Frú Ragnheiður

Deildarstjóri greindi frá því að hópstjórar Frú Ragnheiðar munu fara í náms- og fræðsluferð til Berlínar 21. til 24. apríl. Dagskrá og skipulag liggur fyrir. Gert er ráð fyrir kostanði við ferðina í fjárhagsáæltun deildarinnar. Stjórnin óskar eftir kynningu í kjölfar ferðarinnar.

Deildarstjóri gerði einnig grein fyrir könnun meðal notenda, sem er í gangi. Þátttaka er því miður treg.

7. Fundarboð vegna kynningarfundar (teams) á tillögum framtíðarhóps Rauða krossins var kynnt.

Fundurinn verður 18. apríl og er stjórnarfolk hvatt til að sækja fundinn.

8. Starfsmannamál

Deildarstjóri fór yfir starfsmannamál.


9. Önnur mál

a) Deildarstjóri gerði grein fyrir vinnu sem staðið hefur yfir innan félagsins í samráði við umhverfisstofunum um verkefnið „öryggi og björgun“, sem er m.a. námskeið fyrir starfsfólk sund- og baðstaða. Deildarstjóra heimilað að leita eftir samningi við deildina í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi um umsjón með þessum námskeiðum í Eyjafirði, tímabundið til áramóta.

b) Hilmar sagði frá því, í að hann verður í námsorlofi frá VMA næsta vetur. Verður því mögulega fjarverandi að hluta.

c) Rætt um stöðuna á samningi við sveitarfélögin í Eyjafirði um fataverkefnið. Vonandi verður skrifað undir samning í maí.

Fundi slitið kl. 19.



 Þórunn Þórunn

 Eva Þórunn

 Kristinn Þórunn

 Steinar Stefánsson

 Steinar Stefánsson